Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita bs.
Samþykkt
03 JUNI 2015
Byggingarfulltrúi




Þ V E R S N I Ð




## Byggingarlýsing

Lóð:
Heiti: Borgarbrún 4, Grímsnes- og Grafningshreppi
Landnúmer: 222484, Greinitala: 8719-01-13450004
Lóðarstærð: 6.476m2 Nýtingarhlutfall: 0,014

Húsgerð:
Húsið er sumarhús (frístundahús) á einni hæð, Sökklar og botnplata eru steinsteypt. Útveggir eru úr timbri. Burðarvirki þaks eru límtrébitar og berandi milliveggir í mæni og útveggir. Mænisstefna (stofu) er eins og á húsinu Borgarbrún 2, eða 210° (þ.e. 30° fyrir vestan suður).

Stærðir:
Birt flatarmál: 92,1 m2
Brúttórúmmál: 281,1 m3

Undirstöður og gólf:
Undirstöður eru steyptir sökklar á fyllingu. Gólfplata er steinsteypt á fyllingu.
Einangrun 125mm steinull. Gólfklæðning er parkett. U-gildi gólfs er 0,22 w/m2°C. Kuldabrú við útvegg er slitin (a.m.k. 75%)

Útveggir:
Grindur útveggja eru 45x145mm timburstoðir. Einangrun er 145mm steinull, þvínæst 0,2mm plastdúkur og lagnagrind. Innsta klæðning útveggja er 16mm panell. Utan á grind er 12mm vatnsheldur krossviður, 12mm loftbil og yst er liggjandi báruálsklæðning. Litur á klæðningu skal vera dökkur jarðlitur sbr. deiliskipulag. U-gildi timburútveggja er 0,22 w/m2°C. Gluggar eru úr timbri. Tvöfallt háeinangrandi gler er í gluggum. U-gildi glugga er 1,3 w/m2°C.

Innveggir:
Berandi innveggir eru úr 45x95mm stoðum, aðrir milliveggir eru 45x70mm. Einangrun er 50mm steinull. Klæðning innveggja er 13mm málaðar gipsplötur.

Þak:
Þakhalli er 1:2 (26,56°). Þaksperrur eru 45x220mm. c/c 600mm. Einangrun þaks er 200mm Þakull með vindvörn. Að innan er 0,2mm plastdúkur, raflagnagrind og 12mm panelklæðning. Að ofan er borðaklæðning klædd tjörupappa. Ysta klæðning þaks er bárujárn. Litur dökkur jarðlitur. U-gildi þaks er 0,15 w/m2°C

Lagnir, upphitun og heildarleiðnitap:
Frárennslislagnir skolps (salerni, eldhúsvaskur) tengast fyrirhuguðu fráveitukerfi hverfisins. Aðrar frárennslislagnir (þakvatn og grávatn) fara í grjótpúkk undir bílastæði. Upphitun er með rafmagni. Hitakerfi er rafmagnshitatúpa og vatnsofnakerfi. Kamína er í stofu. Gólfniðurföll eru í öllum votrýmum. Inntök rafmagns og neysluvatns eru í geymslu. Heildarleiðnitap hússins er 1,5 w/m2°C, en 1,52 w/m2°C skv. hámarks U-gildum í byggingareglugerð (töflu 13.01)

Brunavarnir og öryggi:
Burðarveggir skulu vera REI30. Loft og veggfletir skulu vera a.m.k. í flokki 2. Utanhússklæðning skal vera í flokki 2. Björgunarop eru úr öllum svefnherbergjum. Koma skal fyrir reykskynjara og handslökkvitæki í húsinu skv. teikningum. Sjúkrakassi skal vera í húsinu. Útiljós er á norð-vesturgafli við aðalinngang.

hagtækni
tækniþjónusta Refsholti 7, Skorradal sími 861 7252

| | |
|---|---|
| VERK: Borgarbrún 4, Grímsnes- og Grafningshreppi | VERK NR. 345 |
| TEIKNING: Sumarbústaður, Þversnið 1/50 Afstaða 1/1000 | TEIKN. NR. 102 |
| DAGS. 26. maí 2015 | BREYTT |
| HÖNNUÐUR: Ingólfur Margeirsson 070252-3099 | UNDIRRITUN |